

## Ferðir á vegum ferðanefndar og félagsstarfsins árið 2019

Það voru farnar tvær ferðir á vegum FaMos og félagsstarfsins sl. sumar.

Fyrri ferðin var til Færeyja með hringferð um landið dagana 12.-20 júní.

Það var glaður 40 manna hópur sem lagði í þessa ferð að morgni 12. júní, ferðinni haldið suðurleiðina austur á Breiðdalsvík þar sem var gist eina nótt með kvöldmat og morgunmat. Eftir morgunmat var haldið af stað til Seyðisfjarðar og fara með Smyril Line til Færeyja. Það fóru líka með okkur 4 ferðabílar og ætluðu að vera með okkur í skoðunarferðum.

Við fórum vítt og breytt um eyjarnar og sáum margt og mikið.

Þegar komið var aftur til baka var farin norðurleiðin.

Ég má til með að nefna bílstjórann Guðna Runólfsson, alveg yndislegur maður og hjálplegur í alla staði. Fararstjóri var Baldvin Harðarson, mjög skemmtilegur og sagði vel frá öllu.

Hægt er að lesa um þessa ferð og skoða myndir á vefnum á famos.is.

Í lok ágúst var farin dagsferð, hringferð um Snæfellsnesið undir leiðsögn Jóhönnu B. Magnúsdóttur.

Við byrjuðum á að fá okkur að borða á Narfastofu í Stykkishólmi. Við gengum aðeins um staðinn og héldum svo til Bjarnarhafnar og fengum að smakka hákarl og harðfisk og fyrirlestur um hákarlaveiðar.

Við ókum í gegnum Grundarfjörð og til Ólafsvíkur. Þar var komið að kaffistoppi á veitingarhúsinu Skeri.

Leiðin lá fyrir Jökul og að Dritvík. Á leiðinni að Arnarstapa virtum við fyrir okkur Þúfubjörg, Lóndranga, Malarrif o.fl. Stutt stöpp var á Hellnum og síðan var ekið að Arnarstapa þar sem snæddur var kvöldverður.

Þetta var góð ferð og skemmtileg en kannski aðeins of löng fyrir suma.

Á döfinni er ferð þann 27. febrúar vestur á Granda og fara þar í skemmtilega „flugferð“ yfir Ísland .

Síðar verður dagsferð austur á Hvolsvöll, Hellu og í Flóann og þar um kring.

Þetta verður auglýst bráðum.

Takk fyrir mig, Margrét

